



Fornleifaskráning í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs ljósleiðara um Skarðsströnd - áfangi 1



Hermann Jakob Hjartarson
2019

Forsíðumyndin (nr.1) leifar af matjurtagarði í landi Heinabergs. (Fornleifar nr. 117.
Horft mót V. Ljósm. HJH 2019).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Hermann Jakob Hjartarson
Unnið fyrir Dalaveitur
Júlí 2019

Inngangur

Að beiðni Dalaveitna ehf kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á fyrirhugaðri leið ljósleiðara um Skarðsströnd. Er lagnaleiðin sýnd á loftmyndum 2-4. Staðsetning fornleifa/minja er sýnd á myndum 5-11.


Í þessari skýrslu er fjallað um fyrsta hluta leiðarinnar, frá Stekkjardal í landi Tjaldaness og að bænum Nýp. Skráð var á jörðum Tjaldaness, Innri-Fagradals, Foss, Ytri Fagradals, Heinabergs og Nýp. Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, túnakort, Sýslu- og sóknarlýsingar og Jarðabækur.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram dagana 1. og 2. júlí 2010. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Kannað var svæði sín hvoru megin við hina fyrirhuguðu ljósleiðaralögn, eða allt að 20 m hvoru megin.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrá og loftmynda með staðsetningu fornleifa.

Margar gagnlegar upplýsingar fengust hjá ýmsum ábúendum þar sem til þeirra náðist. Eru þeim öllum þakkað fyrir.


Fulltrúi verkkaupa var Sæþór Sindri Kristinsson hjá Dalaveitum og um kortavinnslu sá Kristján Ingi Arnarsson og höfundur.



Mynd 2. Yfirlit yfir lagnaleiðina, áfangi 1 er merktur inn á kortið (Kristján Ingi)



Mynd 3. Yfirlit yfir lagnaleiðina, kort 1 af 2. (Kristján Ingi Arnarsson)



Mynd 4. Yfirlit yfir lagnaleiðina. Kort 2 af 2. (Kristján Ingi Arnarsson)

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni hins fyrirhugaða ljósleiðara, en í nágrenni hins fyrirhugaða ljósleiðara varð vart við talverðan fjölda fornleifar sem ekki voru skráðar vegna þess að þær voru utan við könnunarsvæðin

Nr.	Undirnr.	Tegund minja	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
107	1	Stekkur	Línulögn	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsóknir
108	1	Rúst?	Línulögn	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsóknir
109	1	Rúst (aðhald)	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsóknir
110	1	Rúst (Bær/Sel)	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1500-1700	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Nei	Rannsóknir
111	1	Gerði/Fjörborg	Línulögn	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsóknir
111	2	Rúst	Línulögn	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsóknir
112	1	Rúst	Línulögn	Talsverð	Lélegt	-1700	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Nei	Rannsóknir
113	1	Stekkur	Línulögn	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsóknir
114	1	Rúst?	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsóknir
115	1	Rústir? (Fjárhús)	Línulögn	Mikil	Lélegt	1550-1960	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Rannsóknir
116	1	Rúst	Línulögn	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsóknir
117	1	Matjurtagarður	Línulögn	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Rannsóknir
118	1	Rúst	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsóknir
Meðaltöl:							5,8	5,8		

Tafla yfir fornleifar/minjar á lagnaleiðinni. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leiti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðvarandi hættu.

Samtals voru 13 fornleifar/minjar skráðar í tenglum við vettvangskonunnuna. Tvær rústir töldust hafa hátt minjagildi, en það voru rústir 110 og 112.

Í Seljamýri, einnig kölluð Byrgismýri er rústir 110 og 111. Í Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731 segir að selstaða hafi að fornu verið í Tjaldaneshlíð en þar hafi aldrei verið gert í manna minnum (Ormur Daðason, 1965, bls. 31). Mögulegt er að rúst 110 sé af þessu seli. Einnig gefa heimildir til kynna að um sé að ræða bæ. Í örnefnaskrá segir: „*Skammt fyrir utan Kringlumýri er önnur mýri, Byrgismýri. Þar mun hafa verið býli til forna, sem hét á Knútstöðum*” (Örnefnaskrá. Tjaldanes). Í athugasemdum við örnefnaskrána segir að mýrin hafi einnig verið kölluð Seljamýri (Örnefnaskrá Tjaldanes, athugasemdir og viðbætur, 1977). Bærin er nefndur í örnefnaskýringu fyrir Gullþórissögu þar segir: „*Sá bæ hefir verið á Tjaldanes-hlíð fyrir innan Deldina, sem skilur að lönd milli Fagradals og Tjaldaness, og er það hið sama býli og nefnt er í*

neðanmálsgrein í Jarðatali á Íslandi (Khöfn 1847, bls. 171), þó það sé þar nefnt Hnútsaðir; það er nú fyrir löngu í eyði, en menn vita hvar bærinn hefir verið." (Sighvatur Grímsson, 1886, bls. 586). Í Jarðabók frá 1704 er sagt frá staðnum: „Í heimalandinu hefur til forna verið býli, heyrist hefir kallað verið Hnutstader. Það hefur aldrei í manna minnum byggt verið. Þar eru rústir og girðingar miklar. Nær eða hvernig eyðilagst hafi veit enginn af að segja. Það kann ómögulegt að byggjast án skaða heimajarðarinnar" (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1938, bls. 154). Líklegt er að rúst 110 sé annaðhvort rústir af bænum Knútsstöðum (Hnútsstöðum) eða seljarúst. Einnig er mögulegt að rústin sé bæði sel og bær, frá mismunandi tímaskeiði.

Í Stekkjardal í landi Tjaldaness er stekkur og tvær aðrar rústir, hóll og aðhald.

Dalaveitur - ljósleiðari 2019

Fornleifar í landi Tjaldaness í Saurbæ V-minjar



Mynd 5. Fornleifar í Selmýri í landi Tjaldaness (Loftmyndir ehf, Kristján Ingi Arnarsson, HJH).

Dalaveitur - ljósleiðari 2019
Fornleifar í landi Tjaldaness í Saurbæ A-minjar



Mynd 6. Fornleifar í Stekkjardal í landi Tjaldaness (Loftmyndir ehf, Kristján Ingi Arnarsson, HJH).

Dalaveitur - ljósleiðari 2019
Fornleifar í landi Tjaldaness í Saurbæ



Myndir 7. Yfirlitsmynd yfir þær fornleifar sem skráðar voru í landi Tjaldaness (Loftmyndir ehf, Kristján Ingi Arnarsson, HJH)

Rúst 112 gæti mögulega verið af býlinu Reiðihvammi og mögulega rúst 114 líka. Reiðhvammur var samkvæmt Jarðabók frá 1731 kotbýli sem var í byggð til um 1700 en þá lagðist búskapur af þar vegna tíðra skriðufalla (Ormur Daðason, 1965, bls. 33). Í Jarðabók Árna Magússonar og Páls Vídalís sem voru þarna á ferðinn árið 1704 segir að bærinn hafi þá verið í eyði í mörg ár (1938, bls. 152).

Dalaveitur - ljósleiðari 2019

Fornleifar í landi Innri-Fagradals í Saurbæ, hlíð



Mynd 8. Fornleifar í Reiðhvammi í landi Innri Fagradals. (Loftmyndir ehf, Kristján Ingi Arnarsson, HJH).

Á túni Innri Fagradals eru lágir hólar á svokölluðum Fjánhúsflötum, en þar stóðu fjárhús fram yfir 1960 (Sóley Valdimarsdóttir og Hulda Birna Albertsdóttir, 2012, bls. 25). Ekki er samt ljóst hversu gömil þessi fjárhúsu eru, en ekki er til túnakort af jörðinni. Fyrirhugaður ljósleiðari fer í gegnum þessa hóla.

Dalaveitur - ljósleiðari 2019

Fornleifar í landi Innri-Fagradals í Saurbæ, heimatún



Mynd 9. Heimild er um fjárhús í túni Innri Fagradals, þar eru litlir hólar þar sem leifar þeirra gætu verið (Loftmyndir ehf, Kristján Ingi Arnarsson, HJH).

Við landamerkin á milli Nýp og Heinabergs voru skráðar þrjár fornleifar, matjurtagarður (117) og tvær rústir (116 og 118). Ef skoðuð er ljósmynd frá 1950 (mynd 10) má sjá garðinn í mun betra ásigkomulagi, en hluti hans hefur greinnilega fallið í gil sem er fyrir neðan hann. Einnig sést að rúst 116 var föst upp að garðinum en sá bútur af garðinu er horfinn í dag.



Mynd 10. Ljósmynd frá miðri tuttugustu öldinni sem sýnir bæinn Nýp og nágrenni. Á miðri myndinni sjást rústir 116 og 117.



Mynd 11. Fornleifa á landamerkjum Heinabergs og Nýpurs. (Loftmyndir, Kristján Ingi Arnarsson, HJH)

Á bæjarstæði Ytri Fagradals voru ekki skráðar neinar fornleifar, en þó gefur örnefnið Hesthústún/Lambhústún (Örnefnaskrá Ytri Fagradalur; Hulda Birna Albertsdóttir, 2013, bls. 22) til kynna mögulegar fornleifar, en það er nafnið á túninu sem heimtaugin fer í gegnum, en ekkert sást þó á yfirborðinu. Túnakort gefur auk þess til kynna að þar hafi verið útihús, þó ekki sé hægt að staðfesta nákvæma staðsetningu út frá kortinu.

Niðurstaða

Sex fornleifar teljast vera í mikilli hættu vegna framkvæmdanna. Það eru Rúst í Stekkjardal í landi Tjaldaness (109), en fyrirhugaður ljósleiðari alveg upp að rústinni. Sama er að segja um rúst 110 í Seljardal í landi Tjaldaness. Rústir 113 og 114 í Reiðhvammi í landi Innri Fagradals eru í mikilli hættu vegna þess að fyrirhugaður ljósleiðari fer í gegnum þær. Meintar fjárhúsrústir í túni Innri Fagradals eru einnig í mikilli hættu vegna ljósleiðarans. Þá er rúst í landi Heinabergs (118) í mikilli hættu en fyrirhugaður ljósleiðari liggur einnig í gengum þær. Aðrar skráðar fornleifar eru í talsverðri hættu þar sem ljósleiðarinn fer mjög nálægt rústunum. Líklega er hægt að breyta um lagnaleið í flestum tilfellum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisáðgerða við.

Á bæjarstæðum þeim sem ljósleiðarinn mun liggja að var yfirleitt ekkert að sjá á yfirborði vegna sléttunar og byggingaframkvæmda á seinni tímum. Í sumum tilfellum var ekki hægt að skera úr um hvar fornleifar gætu verið sem túnakort gáfu til kynna að væru við eða nálægt línuleiðinni. Þetta á einkum við Ytri Fagradal þar sem túnakort sýndi mannvirki í nágrenni línunnar. Líkurnar á því að eitthvað verði á vegi framkvæmdanna eru nokkrar og því er mælt með því að framkvæmdaefirlit verði viðhaft á meðan línan verður sett í jörðu við bæina. Minjastofnun Íslands mun ákvarða nánar um þetta atriði.

Heimildaskrá

Hulda Birna Albertsdóttir (2013). *Örnefnaskráning í Dalabyggð: V. Hluti - Ytri Fagridalur*. Bolugarvík: Náttúrustofa Vestfjarðar.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns - Sjötta bindi (1938).
Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar. Nr. 80. 29. júní 2012

Ormur Daðason (1965). *Jarðabók yfir Dalasýslu 1731*. Reykjavík: Sögufélagið.

Sighvatur Grímsson (1886). Skýringar yfir nokkur örnefni í Gullþóris-sögu. Í *Safn til sögu Íslands og Íslenzkra bókmennta að fornu og nýju. Annað bindi*.
Kaupmannahöfn: Hið Íslenzka bókmenntafélag.

Sóley Valdimarsdóttir og Hulda Birna Albertsdóttir (2012) *Örnefnaskráning í Dalabyggð: IV. Hluti - Innri Fagridalur, Fagradalstunga - Foss*. Bolugarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Túnakort. Heinaberg. Þjóðskjalasafn Íslands
Túnakort. Nýpur. Þjóðskjalasafn Íslands
Túnakort. Ytri-Fagridalur. Þjóðskjalasafn Íslands

Örnefnaskrá. Heinaberg. Örnefnastofnun
Örnefnaskrá. Níp. Örnefnastofnun
Örnefnaskrá. Tjaldanes. Örnefnastofnun
Örnefnaskrá (1977). Tjaldanes, athugasemdir og viðbætur. Örnefnastofnun
Örnefnaskrá. Ytri-Fagridalur. Örnefnastofnun

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			110
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Tjaldanes		á Knútsstöðum		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	1.7.2019	E 360966.1 N 545601.7			

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst	Sel/Bær	Ska 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Skepnur	Lítill	Sæmilegt	1500-1700		Ljósleiðari	Mikil	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Hátt	7,5	Hátt	7,5		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Rústin liggur miðja veginni á milli klofningsvegna og sjávar í Selmýri/Byrgismýri. Rétt austan við rústir 111.

Heimildir og munnmæli

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns - Sjötta bindi (1938) Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.
Johnsen, J. (1847). Jarðatal á Íslandi.
Kaupmannahöfn.
Sighvatur Grímsson. Skýringar yfir nokkur örnefni í Gullþóris-sögu. Í Safn til sögu Íslands og Íslenskra

Lýsing

Rúst

Rúst um 20 x 10 metrar að stærð. A.m.k. 4 rými í rústinni, eitt í suðurhluta hennar og þrjú í norðurhluta hennar. Leifar að því sem virðist vera garður eru upp að rústinni og liggja til austurs. Veggahæð 1,5-2 m. Breidd veggja 2-3 m.


Í Jarðabók frá 1704 er sagt frá staðnum:
„Í heimalandinu hefur til forna verið býli, heyrir hefir kallað verið Hnutstader. Það hefur aldrei í manna minnum byggt verið. Þar eru rústir og girðingar miklar. Nær eða hvernig eyðilagst hafi veit enginn af að segja. Það kann ómögulegt að byggjast án skaða heimajarðarinnar" (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1938, bls. 154)
Í Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731 segir: „Selstaða hefur þar til forna verið á Tjaldaneshlíð, en aldrei í manna minnum brúkuð. Kann og ekki brúkast, því hagar eru af skriðum farnir".

Hlutverk óvíst, gæti verið Sel eða bærin
Knútsstaðir, eða bæði á mismunandi tímaskeiði.

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			111
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Tjaldanes				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	1.7.2019	E 360915.41 N 545601.78			

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gerði	Fjárborg	Ska 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Skepnur	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Talsverð	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Rústin liggur miðja veginni á milli klofningsvegna og sjávar í Selmýri/Byrgismýri. Rétt vestan við rúst 110.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði

Hringlaga gerði sem liggur í kringum rúst sem er í miðju gerðisins. Stærð 20 x 20 metrar. Vegg hæð 0,3-0,7 metrar. Breidd veggja 1,5 metrar. Inngangur er í rústinu að norðan. Norð-vestur hluti gerðisins er þykkari en annars staðar og gæti það verið vegna hruns.

Líklega fjárborg.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla

Dalasýsla

Sveitarfélag

Dalabyggð

Núv. sveitarfél.

Hverfi

Aðalnr.

111

Landareign

Tjaldanes

Mí:Nr

Heiti

Undirnr.

2

Skrásetjari

Hermann Jakob Hjartarson

Dags.

1.7.2019

GPS Staðsetning

E 360915.67 N 545595.89

Viðmiðun

M.y.s. Skekkja

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Ska 19

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Skepnur

Lítill

Sæmilegt

1550-1900

Ljósleiðari

Talsverð

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

6

Talsvert

6

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Rústin liggur miðja veginni á milli klofningsvegna og sjávar í Selmýri/Byrgismýri. Rétt vestan við rúst 110.

Heimildir og munnmæli



Lýsing

Rúst

7x5 m stór rúst, hæð 0,2-0,6 metrar. Rústin er inn í fjárborg/gerði (111:1).

Óþekkt notkun, tengist væntanlega skeppnuhaldi.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			107
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Tjaldanes				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	2.7.2019	E 362094.9 N 545662.4			

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Stekkur	Stekkur	Ska 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Skepnur	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Talsverð	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Rústin liggur í Stekkjardal sem er grasi gróinn dalur rétt norðan við Klofningsveg. Rétt fyrir vestan rúst 108.

Heimildir og munnmæli

Örnefaskrá. Tjaldanes. Guðmundur Blöndal skráði. Örnefnastofnun

Lýsing

Stekkur

10 x 16 m (NV-SA) Veggir úr torfi, 0,8-1,2 m breiðir og 0,3-0,5 m háir.

Tvö hólfi eru á rústinni.

Dyr eða op er á stærra rýminu, sem er vestara rýmið, til suðurs. Op er í minna rýminu inn í það stærra. Vel gróið grasi.

Í örnefnaskrá segir „Fyrir utan Karlsholtið, niður við sjóinn er allstór dalur. Erú í honum hér og hvar hústöftir. Dalur þessi heitir Stekkjardalur”

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			108
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Tjaldanes				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	2.7.2019	E 362133.5 N 545643.9			

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst?		Ska 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Skepnur	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Talsverð	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Rústin liggur í Stekkjardal sem er grasi gróinn dalur rétt norðan við Klofningsveg. Rétt fyrir vestan rúst 109 og fyrir austan rúst 107.

Heimildir og munnmæli

Örnefaskrá. Tjaldanes. Guðmundur Blöndal skráði. Örnefnastofnun


Lýsing

Rúst?

17 x 17 m stór og 1,2-1,7 m hár höll sem líklega eru rústir. Engin sýnilegur strúktúr er þó í hólnum.

Í örnefnaskrá segir „Fyrir utan Karlsholtið, niður við sjóinn er allstór dalur. Eru í honum hér og hvar hústóftir. Dalur þessi heitir Stekkjardalur“

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			109
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Tjaldanes				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	2.7.2019	E 362150 N 545629			

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Rúst					Aðhald		Ska 19	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Skepnur	Lítil	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil		
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Rústin liggur í Stekkjardal sem er grasi gróinn dalur rétt norðan við Klofningsveg. Rétt fyrir austan rústir 107 og 108.

Heimildir og munnmæli

Örnefaskrá. Tjaldanes. Guðmundur Blöndal skráði. Örnefnastofnun

Lýsing

Rúst

Alls er rústin 12 x 6 m að stærð. Veggir eru sennilega úr torfi og grjóti og eru 0,4-05 m háir og um 0,5 m breiðir.

Rústin er a.m.k. þríhólfa. Hólf A liggur vestast og er með dyr upp í hlíðina til N. Hólf B er með dyr mót Nog hólf C með dyr mót vestri.

Í örnefnaskrá segir „Fyrir utan Karlsholtið, niður við sjóinn er allstór dalur. Eru í honum hér og hvar hústöftir. Dalur þessi heitir Stekkjardalur"

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			112
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Innri Fagridalur		Reiðhvammur?		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	2.7.2019	E 35770.48 N 543670.66			

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Rúst							Ska 19	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Skepnur	Lítill	Lélegt	-1700		Ljósleiðari	Talsverð		
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2			Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Hátt	7,5	Talsvert	7,5			Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í Reiðhvammi, en það er hvammur sem liggur milli hlíðar og sjós. Lækur rekknur rétt SA frá rústinni. Rústir 112 og 113 er rétt vestan við rústina.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Innri-Fagridalur. Örnefnastofnun Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns - Sjötta bindi (1938) Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn. Ormur Daðason (1965). Jarðabók yfir Dalasýslu 1731. Reykjavík: Sögufélagið.

Lýsing

Rúst

Illgreinanleg rúst. Alls er rústin 14 x 5 m að stærð. Veggir eru sennilega úr torfi og eru 0,2-0,4 m háir og um 0,5-1 m breiðir. Í hana er inngangur úr NA og er eitt sjánlegt rými í rústinni
Í örnefnaskrá segir: "...inn af honum liggur stór hvammur sem Reiðhvammur heitir. Þar var eitt sinn býli, því Árni Magnússon, sem er bóndi í Tjaldanesi 1228, telur að undir Fagradal liggi tvö býli á Tjaldaneshlíð, Mariúgerði og Reiðhvammur".
Í Jarðabók Árna og Páls er sagt um Reiðhvamm: "Þar hefur ekki til forna byggt verið, og nú um mörg ár hefur það í eyði legið. Kann ekki að byggjast nema með stórum skaða heimajarðarinnar" (bls. 152).
Í Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731 er sagt að þarna hafi verið kot sem búið var til ársins 1700 (bls. 33)
Í Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731 segir: „Reiðhvammur hét fyrrum kot á Fagradalshlíð, sem byggt var fyrrum til 1700. og leigðist með 40 al. landskuld og 3 kúgildum. Þar er löngu aftekið af skriðum, eyrin skemmist árlega, með sama móti slægjur og hagbeit, kann það ekki aftur að byggjast"

Niðurstaða: Sennilega hluti af bænum Reiðhvammi

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla

Dalasýsla

Sveitarfélag

Dalabyggð

Núv. sveitarfél.

Hverfi

Aðalnr.

113

Landareign

Innri Fagridalur

Mí:Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Hermann Jakob Hjartarson

Dags.

2.7.2019

GPS Staðsetning

E 357688.23 N 543641.55

Viðmiðun

M.y.s. Skekkja

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Stekkur

Verk

Ska 19

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Skepnur

Lítil

Lélegt

1550-1900

Ljósleiðari

Mikil

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

6

Talsvert

6


Nei

Nei

Lega og staðhættir

Í Reiðhvammi, en það er hvammur sem liggur milli hlíðar og sjós. Lækur reknnur rétt austan við rústina. Rúst 112 er rétt austan við rústina og rúst 114 er rétt vestan við hana.

Heimildir og munnmæli



Lýsing

Rúst

Tvískipt rúst. Alls er rústin 10 x 4 m að stærð. Veggir eru sennilega úr torfi og eru 0,2-0,3 m háir og um 0,5-1 m breiðir. Inngangur er í vestara rýmið úr suðri en ekki er sjánlegur inngangur í eystra rýminu.

Niðurstaða: Sennilega stekkur.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			114
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Innri Fagridalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	2.7.2019	E 357673.46 N 543627.24			

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst?		Ska 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Skepnur	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í Reiðhvammi, en það er hvammur sem liggur milli hlíðar og sjós. Lækur reknnur rétt austan við rústina. Rúst 112 og 113 eru rétt austan við rústina.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Innri-Fagridalur. Örnefnastofnun

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns - Sjötta bindi (1938) Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.
Ormur Daðason (1965). Jarðabók yfir Dalasýslu 1731. Reykjavík: Sögufélagið.

Lýsing

Rúst


Rústalegur hóll. Alls er rústin 18 x 8 m að stærð. Veggir eru sennilega úr torfi og hæð hans er 0,7-1.

Í örnefnaskrá segir: „...inn af honum liggur stór hvammur sem Reiðhvammur heitir. Þar var eitt sinn býli, því Árni Magnússon, sem er bóndi í Tjaldanesi 1228, telur að undir Fagradal liggja tvö býli á Tjaldaneshlíð, Mariugerði og Reiðhvammur. Í Jarðabók er sagt um Reiðhvamm: Þar hefur ekki til forna byggt verið, og nú um mörg ár hefur það í eyði legið. Kann ekki að byggjast nema með stórum skaða heimajarðarinnar". (bls. 152)

Í Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731 er sagt að þarna hafi verið kot sem búið var til ársins 1700 (bls. 33)

Mögulega tilheyrt Reiðhvammi.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			115
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Innri Fagridalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	2.7.2019	E 356962 N 542378.5			

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rústir?	Fjárhús	Ska 19					
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1960		Ljósleiðari	Mikil	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í túni Innri-Fagradals í fjárhúsflötum. Um 70 metra vestan frá bænum.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Innri-Fagridalur. Örnefnastofnun Sólley Valdimarsdóttir og Hulda Birna Albertsdóttir (2012) Örnefnaskráning í Dalabyggð: IV. Hluti - Innri Fagridalur, Fagradalstunga - Foss. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarðar. Steingrímur Hjartarson, bóndi á Fossi, munnleg heimild.

Lýsing

Heimild um fjárhús

Í örnefnaskráningu er sagt frá því að þarna hafi staðið fjárhús fram yfir 1960 (bls. 25). Búið er að slétta túnið en það sést móta fyrir lágum hólum þar sem fjárhúsin hafa sennilega staðið.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			116
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Heinaberg				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	2.7.2019	E 353891.76 N 539830.56			

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst		Ska 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Skepnur	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Talsverð	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Rústin er við landamerki Heinabergs og Nýpurs, rétt norðan við Nípurá. Við rústina önnur rúst (118) og matjurtagarður (117).

Heimildir og munnmæli

Ljósmynd frá því um 1950 sem hangir inn á Nýp.

Lýsing

Rúst

7 x 6 m að stærð. Veggir 0,3-0,5 m að hæð og um 1 m á breidd. Rústin er opin í suður enda og snýr að garðinum (115).

Rústin sést óljóst á ljósmynd frá um 1950 og er þá í betra ásigkomulagi.

Hlutverk óþekkt

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			117
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Heinaberg				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	2.7.2019	E 353873.96 N 539835.77			

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garður	Matjurtagarður	Ska 19	2				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Að falla í á	Mikil	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Talsverð	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Garðurinn er við landamerki Heinabergs og Nýpurs, rétt norðan við Nípurá. Við garðinn eru tvær rústir (116 og 118).

Heimildir og munnmæli

Ljósmynd frá því um 1950 sem hangir inn á Nýp. Sumarliði Ísleifsson á Nýp.

Lýsing

Garður


Garðurinn er í tvennu lagi, en hluti hans hefur fallið í ána.

Vestari hluti hans er U-laga og er 35 metra langur. Eystri hlutinn er L-laga og er 29 metra langur.

Garðurinn sést vel á ljósmynd frá um 1950 og er þá í betra ásigkomulagi, er ferhyrntur og gengur annar garður út af honum til suðurs.

Niðurstaða. Matjurtagarður.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			118
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Heinaberg				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	2.7.2019	E 353902.14 N 539822.42			

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst		Ska 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Skepnur	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Rústin er við landamerki Heinabergs og Nýpurs, rétt norðan við Nípurá. Við rústina önnur rúst (117) og matjurtagarður (116).

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst

12 x 10 m að stærð. Hæð veggja 0,5-1 m og breidd þeirra er 2-3 m. Rústin er með tveimur rýmum, innangengt er í það syðra frá vestri en ekki sést hvar inngangurinn er á nyðra rýminu. Óþekkt notkun.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.